



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofnunar

útlán

GFEINARGERÐ

Nýtanlegt vatnsafl á Íslandi
Haukur Tómasson
OS 83068/VOD-31 B

GRIINARGERÐ

Nýtanlegt vatnsafli á Íslandi
Haukur Tómasson

OS 83068/VOD-31 B

Haukur Tómasson, forstjóri vatnsorkudeildar Orkustofnunar:

NÝTANLEGT VATNSAFL Á ÍSLANDI

Skilgreiningar

Hringrás vatnsins frá hafi til lofts, frá lofti til lands og frá landi til sjávar aftur, er knúin upp á við af orku sólar en niður á við, í snertingu við landið, af þyngdarafli jarðar. Vatnsaflíð er þessi síðari hluti hringrásarinnar. Skilgreining vatnsaflsins er ákaflega einföld og er þetta skýrt á 1. mynd. Í orðum sagt er vatnsaflíð margfeldi af vatnsrennslí, fallhæð og þyngdarhröðun. Vatnsaflíð er eitt af náttúruöflunum, sem leika um yfirborð vors lands. Það framkvæmir ýmsa vinnu til þurftar og óþurftar landsins börnum og á mikinn þátt í mótu landsins. Vatnsaflinu og landinu kemur ekki allskostar vel saman. Vatnsaflíð leitast við að rífa niður landið og flytja út í hafsauga í bókstaflegri merkingu en aðrir kraftar í iðrum jarðar sjá um að þetta tekst ekki og halda við landinu.

Eins og sést á 1. mynd ganga tiltölulega einfaldar stærðir inn í jófnuna um vatnsaflíð. Breytilegu stærðirnar Q og h eru mælanlegar og þekktar með nokkruri nákvæmni og fastinn g er löngu þekktur. Vatnsaflíð hefur líka verið reiknað eftir nokkrum mismunandi skilgreiningum. Pessar skilgreiningar eru eftirfarandi.

1. Víðtækasta merkingin er að reiknað er frá þeim stað þar sem úrkoman lendir á landinu og rennur síðan í fóstu formi eða fljótandi, á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, aftur til hafssins. Þetta kóllum við vatnsaflíð í úrkumunni og er það 252 TWh/a í meðalári.

2. Næstvíðtækust er skilgreiningin á orkunni í rennandi vatni á yfirborði landsins. Þetta er allmiklu minna en vatnsaflíð í úrkumunni eða 187 TWh/a.

3. Nýtileg vatnsorka er hluti af orkunni í rennandi vatni. Algengasta orsök þess að vatnsorka er ekki nýtanleg er að hún sé of dreifð. Nýtanleg er hér yfirleitt talin sú orka, sem er þéttari en 9,87 KWh/a á 5 km kafla ár. Þá er tekið tilliti til taps við umbreytingu í raforku og fleiri útilokandi atriða. Nýtileg vatnsorka er samkvæmt þessu 64 TWh/ári.

Öllum þessum atriðum er lýst í heimildum frá orkubingi 1981. En tilraunir til að meta nýtanlega vatnsorku hér á landi eru miklu eldri. Í fyrsta skipti var það gert af Jóni Þorlákssyni um 1920. Ekki er til nákvæm lýsing á því hvernig hann for að þessu en þó virðist hann hafa gert það út frá mati á vatnsorkunni í úrkumunni og giskað á nýtanlegan hluta hennar. Niðurstaða hans var að nýtanleg vatnsorka væri 26 TWh/ári.

Sigurður Thoroddsen mat tvísvar sinnum vatnsorku landsins. Í fyrra skiptið 1951 og fékk þá 38 TWh/ári og síðara skiptið 1962 og fékk þá út 35 TWh/ári nýtilega vatnsorku. Báðar þessar athuganir byggðu á vissum virkjunarhugmyndum og var niðurstaða þeirra lögð saman til þess að fá heildarútkomu. Í þessum yfirlitum var bent á marga þá virkjunarstæði, sem síðan hata verið í athugun og eru enn.

Einkenni vatnsorku

Hugtakið nýtanleg vatnsorka er ekki vel skilgreint og skilgreiningin hér á undan er eingöngu hugsuð til þess að fá reikningsgrundvöll til mats á orkulindinni. Vatnsorkan sem nýtt er eða hefur verið útfærð í virkjunarhugmyndum er að mestu innan þesara marka þótt nokkrar örsmáar virkjanir sér til byggðar í dreifðari vatnsorku en hér er gert ráð fyrir að sé nýtanleg.

Hjá öðrum þjóðum hefur hugtakið stodugt verið að breytast og stærri og stærri hluti vatnsorkunnar í rennandi vatni eru taldir nýtanlegir. Frændur vorir í Svíþjóð eru nú að láta sér detta í hug að allt að 60% heildarrennslisorku sé nýtanlegur og þeir hafa þegar nýtt upp undir 30% og í Noregi nálgast þeir 20% nýtingu orkunnar í rennandi vatni og stefta að 30% í nánni framtíði.

Akvörðun um hvort vatnsorka er nýtanleg eða ekki byggist á efnahagslegum röksemendum. Yfirlieitt er þess krafist at vatnsorku að hún gefi ódýrara rafmagn en aðrar orkulindir, sem til greina kemur að nýta og er þá yfirlieitt hugsað til oliu

eda kola. Samanburður á verði á vatnsorku annars vegar og efnorku hins vegar er engan veginn einfalt mal. Verð a orkunni má í einfaldri mynd hugsa samsetta af eftirfarandi 3 kostnaðarpáttum:

1. Fjármagni.
2. Rekstri.
3. Skrifstofukostnaði.

Síðasta atriðið, rekstur skrifstofu og stjórnun, er væntanlega eins hvaða form sem er að framleiðslu orkunnar. Hinir tveir eru aftur að móti mjög ólíkir fyrir rafmagn framleitt með vatnsorku og efnorku. Vatnsorkan er fyrst og fremst fjármagnskostnaður en rafmagn framleitt með efnorku er að mjög verulegu leyti rekstrarkostnaður, þótt þar sé einnig töluberður fjármagnskostnaður.


Pessi atriði má skoða með samanburði á Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjardá. Árið 1979 er síðasta heila árið áður en Vettfirdir eru tengdir með byggðalinu við aðra hluta landsins. Það ár framleiddi Orkubúið þrójung orku sinnar með disilvélum en 2/3 með vatnsaflí. Orkubúið er blandað syrtæki, þannig að það er framleiðandi orku og soluadili í smásölu. Landsvirkjun er aftur að móti einungis framleidandi orku og soluadili í heildsölu. Nánast öll orka frá Landsvirkjun er vatnsorka. A 2. mynd eru sýndar niðurstöður af þessu frá 1979. Eftir hluti myndarinnar sýnir þrósentuskiptingu kostnaðarins að þa 3 líði sem aður hafa verið taldir upp og eru 83% af kostnaði LV, fjármagnskostnaður, vextir + afskriftir, en samsvarandi tala fyrir Orkubúið er 22% en 72% fara þar í rekstur, adallega óliúkaup.

Í nedri húta myndarinnar er hlutfallslegur orkukostnaður miðað við að meðalverð frá LV sé 1. Þá verður meðalverð frá Orkubúinu 4,3 en verð á rafmagni framleiddu með disil 10.


Þótt verð á oliu hafi verið óeðlilega hatt árið 1979 þá sýnir þessi samanburður greinilega hversu miklu ódýrari vatnsorkan er oliuorkunni eins og ástandið er í dag. Fyrir orkukreppu gat raforka framleidd með disilvélum keppt við

$$K = g h Q$$

y.v.



1. mynd.
Vatnsorka, skýringarmynd. y.v. yfirvatn; u.v. undirvatn; $h = y.v. - u.v.$; Q rennsli; g þyngdaröðuminn. K vatnsorkan.



2. mynd.
Kostnaðarskipting orkuframleiðslu Landsvirkjunar (LV) og Orkubús Vestfjarda (OBV) 1979. Efri hlutinn sýnir skiptingu kostnaðar á skrifstofukostnað, rekstrar-kostnað og fjármagnskostnað og er það talið frá vinstrí til hegri á myndinni. Neðri hlutinn sýnir kostnað á orkueiningu af framleiðslu LV og OBV miðað við að meðalkostnaður LV sé 1. Sérstórdjúverð: M er meðaltalskostnaður; A er verð til almennings; V er vatnsaflskostnaður OBV; O er framleiðslukostnaður olíustöðva.

mjög dýrar vatnsaflsvirkjanir eða illa nýtta fjárfestingu í vatnsaflsvirkjunum. Nú er þetta svo komið að í nágrannalöndum okkar þykir hagkvæmt að virkja orku sem er að minnsta kosti 3-4 sinnum dýrari en orkan fra virkjunum Landsvirkunar.

Pekkingargrunnar

Eins og áður segir eru grundvallaratriði vatnsorkunnar fallhað sinnun rennsli. Fall eðin er sama og landslag eða halli ár. Landslag fáum við af kortum og hefur Orkustofnun kortlagt 20% af Íslandi í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðarlinubili. Landmæling vegna kortagerðar er lokið af allt að 7% landsins í viðbót. Orkustofnun hefur eingongu mælt og kortlagt þau svæði landsins sem hafa álitlegast vatnsafl. Af öllu landinu eru til kort í mælikvarða 1:50.000 með 20 m hæðarlinubili gerð af amerískra hérnum rétt eftir strið.

Hinn grundvallarþáttur vatnsaflsins er rennsli. Rennsli í ám er mjög breytilegt í tíma og breytilegt frá einni á til annarrar. Rennsli er mælt með því að mæla straumhraða og þverskurðarflatarmál árinna. Fæst þá rennslið á þeirri stundu sem mælingin fer fram á. Til þess að tengja það sibreytilega rennsli þarf að setja upp vatnshæðarmæli í ánni og mælir hann vatnshæð ár og síð og alla tíð, en samband vatnshæðar við rennsli er fundið út frá nokkrum rennsismælingum. Pessar mælingar eru framkvæmdar af Vatnamælingum á Orkustofnun og reka þær um 170 sjálfritandi vatnshæðarmælistöðvar auk nokkurra afestrarstöðva sem lesið er af reglulega eða tilföllandi. Pessar mælingar gefa nokkuð góða mynd af rennsli af Íslandi.

Óg rennslið af Íslandi er mikil. Að meðaltali renna um 50 l/s af hverjum km² landsins. Þetta er um tifalt meira en að meðaltali af þurrandi jardar og í

Evrópu er ekki til sambærilegt afrennsli af svona stóru landi nema ef vera skyldi í Noregi vestanverðum. Á myndum 3 og 4 er sýndur breytileiki í rennsli fyrir 3 íslenskar ár. Ám hér á landi er skipt eftir rennslisháttum í 3 flokka. Þessir flokkar eru: 1. lindá; 2. dragár og 3 jökulár. Á línumitum er valin ein af hverri gerð. Afrennsli er af ferkilómetra í lítrum á sekúndu. Til þess að fá rennsli árinnar þarf að margfalda þetta með flatarmáli vatnsviðs í km². Á 3. mynd er langæri rennslis, sem sýnir þann hluta tímans sem rennsli er jafnt og eða meira en eitthvað ákveðið rennsli. Á 4. mynd er sýnt meðalafrénsli í hverjum mánuði, eða árssveifla í afrennsli. Til samans lýsa þessi línumit nokkuð vel rennsliseiginleikum á Anna. Raunverulegur breytileiki er miklu meiri í formi mjög skammæra flödtoppa og breytileika á milli ára.

Það sem ræður afrennsliseiginleikum ár er jarðfræði vatnsviðsins. Af ungum, lekum jarðmyndunum fáum við lindár en að þétta gömlu bergi fáum við dragár. Loftslag og þá aðallega úrkoma ræður hversu mikil afrennslið er. Frá jöklum er mikil afrennsli og fylgir það mikil loft-hita við jökuljaðar sem aftur fylgir hæð hans yfir sjó.


Lindáin Brúará hefur ákaflega jafnt rennsli eins og sést á langæislínunni á 3. mynd. Flóð eru lítil og lágreynnisli lítið undir meðalafrénsli. Árssveiflan í Brúará er lítil. Einna helst er hærra meðalafrénsli á vetrum sem staðar af vetrarflóðum og lægst rennsli á sumrin.

Dragáin Fossá í Berufirði hefur mjög ójafnt rennsli, með mikil flóð og langvarandi lágreynnisli langt undir meðalafrénsli. Lágreynnisli er á vetrum og aftur á sumrin þegar snjör er bráðnaður úr fjöllum. Árviss flóð eru á vorin en einnig eru haustflóð algeng.

Jökulsáin Djúpá í Fljótshverfi hefur mjög misjafnt rennsli en þó jafnara en dragáin. Langæislínan sýnir langvarandi háreynnisli langt yfir meðalafrénsli og einnig langvarandi láreynnisli. Árssveiflan sýnir láreynnisli að vetri en háreynnisli frá vori til hausts. Hér er í raun vorflóð og haustflóð eins og í dragánni en á milli þeirra er fyllt í með jökulleysingunni yfir sumarið sem skapar meiri flóð en vor og haustflóðin.


Flestir stórar eru blanda af þessum eiginleikum sem hér hefur verið lýst. Þær hafa sinn lindár-, dragár- og jökulþátt. Verðmælastur er lindárþátturinn en verðminnst er hið sibreytilega dragárennsli.

Margt fleira kemur inn í ákvörðunina um virkjun en landslag og vatn. Virkjanir eru mjög flókin mannvirkir og þær geta mistekist að meira eða minna leyti vegna ýmissa náttúrufarslegra aðstæðna. Mjög



3. mynd.

Langaæslinur rennslis fyrir lindá, draga og jökulá. Maq er meðalársafrennsl. Afrennsli í litrum a sekundu a ferkilometra.



4. mynd.

Meðalafrennsl hvern mánuð i lindá, drag og jökulá. Linuritun sýna meðalarsveiflu.

viðtæk rannsókn á náttúrfari virkjunarvæða verður því að fara fram ádur en virkjad er. Tæknilega mikilvægastar eru jardfrædirannsóknir en niðurstöður þeirra skera úr um hvort einhver virkjunarhugmynd er framkvæmanleg eða kostnaðarlega innan þeirra marka sem aðgengileg eru hverju sinni. Jardfrædirannsóknir eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna vegna virkjana.

Umhverfismál eru mikil rædd í sambandi við vatnsaflsvirkjanir. Hér er um mjög viðtækt og illa skilgreint hugtag en má þó flokka í: 1. að fordast tjón á náttúrumjum, 2. felagsleg, 3. efnahagsleg áhrif virkjana. Virkjun er augljós breyting á náttúrunni, á landslagi og rennslisbáttum. Af þeim sökum hefur það verið mjög í tisku af „umhverfisverndarmönnum“ að standa gegn og mótmæla virkjunu. Virkjana eru í raun mjög litill hluti af umhverfisvandamálum mannkyns, en þau stafa fyrst og fremst af ofnotkun lands í landbúnaði og etnamengun lofts og lagar. Vatnsaflsvirkjanir er léttar í raun af hluta hins mikla mengunarvanda, er hin hreina orka eða hvitu kolin eins og vatnsorkan sumstaðar er kölluð. Rannsóknir og ýmiss kostnadar

vegna umhverfismála hefur farið mjög ört waxandi á seinni árum og sumstaðar hefur bygging vatnsaflsvirkjana nánast lagst niður af þeim sökum.

Nýtileg vatnsorka

Til þess að vatnsorka sé nytanleg þarf hún að vera:


1. Tæknilega framkvæmanleg
2. Kostnaður innan samþykktar marka
3. Seljanleg
4. Umhverfisáhrif innan samþykktar marka.

I þeim reikningum á nytanlegri vatnsorku sem hér verður sagt frá er fyrst og fremst tekið tilliti til fyrsta atriðisins þótt haft sé í huga atriði tvö. Nýtileg vatnsorka er þá su vatnsorka sem er nogu þétt til þess að kostnaður við virkjun hennar er ekki hærri en kostnaður við virkjun efnorku. Í dag eru hin kostnaðarlegu samþykktu mörk miklu strangari hér á landi. Vatnsorkan sem nú er verið að virkjá kostar ekki nema brot af kostnaði orku framleiddri með dísilverlum.

Rennsliorka að hvernig stað er ekki óll nytanleg. Statar það at misjofnun rennsli sem gerir að einhver hluti flöda

hlýtur að fara framhjá virkjunum. Hversu mikil það er fer eftir rennsliseigingleikum ár, minnst fyrir lindar en mest fyrir dragar. Hér kemur einnig inn í dæmið markaður fyrir orkuna. Markaðurinn er breytilegur og með sterka arsveiflu eins og rennslid. En orkumarkaðurinn er í öflugum fasa við rennslid. Er stærstur á vetrum og minnstrur a sumrin. Hinn almenni markaður er eins konar dragar orkumarkaðarins en stördjan eins og lindárnar. Til þess að fá sәmilega nýtingu á vatni þarf að geyma töluluverðan hluta af árrennslinu fra sumri til vetrar. Er það gert í vatnsmiðlunum. Landslagsskilyrði til miðlana er að að renni í gegnum stöðuvatn eða um flatt land með einhverri þrengingu að farvegi þar neðan við. Þetta þarf að vera hatt yfir sjó til þess að fá sem mesta nýtingu miðlana í virkjum.

Reikningar á nytanlegri orku eru gerdir með því að fylgja ánum þrep fyrir þrep og skilgreina sniðpunktum með 5 km millibili. Fyrir hvern sniðpunkt er ákvörðud hæð, flatarmál afrennslisvædis og afrennsli á flatareiningu. Reiknuð er út rennsliorkan milli sniðpunktum og gert ráð fyrir að 90% rennslis



5. mynd.

Nýtanleg vatnsorka skipt á svæði og þéttleikaflokku

nýtist. Reiknað er með orkutapi í vatnsvegum og vélbúnaði.

Verð á orkunni fylgir sennilega nokkuð nærrí því hversu þétt vatnsorkan er, eða hversu mikið reiknast í hverjum sniðpunktí. Orkunni hefur verið skipt í 3 flokka:

1. dreifð vatnsorka 9,87 – 40 GWh í sniðpunktí.
2. miðlungs vatnsorka 40 – 150 GWh í sniðpunktí.
3. þétt vatnsorka meir en 150 GWh í sniðpunktí.

Á bak við þessa flokkun eru engar virkjunarhugmyndir en aftur á móti hafa verið gerðar einhverjar áætlanir um virkjanir á meirihluta þeirra staða þar sem þétt vatnsorka er. Pessar áætlanir benda til þess að þétt vatnsorkan samsvari nokkurn veginn því sem nefnt er ódýr vatnsorka. Verð á orku frá þessum virkjunum er sambærilegt við verð frá númerandi virkjunum Landsvirkjunar.

Miðlungs og dreifða orkan eru miklu minna þekkt. Um þær hafa einungis verið gerðar áætlanir um virkjanir í litlum mæli. Allar gömlu smávirkjanirnar á víð og dreif um landið falla undir þetta og eru jafnvæl minni en svo að þær nái skilgreiningunni dreifð orka. Þær áætlanir sem til eru um þetta vatnsafl bendir til þess að kostnaður við það sé á bilinu litlu

meira en Landsvirkjunarverð upp í að kosta nokkrum sinnum meira og þá komast á mörkin að vera hagkvæm miðað við orkuvinnslu með efnaorku.

Dreifing nýtilegu vatnsorkunna um landið er sýnd á 5. mynd, skipt niður í þessa þrjá þéttleikaflokk, sem áður er getið. Það sést greinilega á kortinu hvernig þéttasta vatnsafl er nær eingöngu í stóránum, sem falla af meginhlendi landsins. Það virðist einnig vera í eða nærrí eldvirku beltunum. Þetta á sina skýringu í því að eldvirknin hefur á isöld fyllt að nokkru í þá dali, sem vatnsafl er, adallega í formi jöklar, hefur grafið í landið. Í óreglulegu langnsiði þessara dala og í brún meginhlendisins er þéttasta vatnsorkan. Utan þeirra svæða þar sem eldvirkni hefur gætt á isöld eru dalir grafnir niður fyrir sjávarmál. Þar eru ár stuttar og smáar og vatnsorka dreifð. Einnig er dreifð orka viða í þverárm.

Einkenni svæðanna á kortinu eru eftirfarandi. Á Vesturlandi er litl vatnsorka og engin þétt. Hér er yfirleitt lágt fall. Rennsli ánna hefur tóluverð lindáreinkenni. Miðlunarmöguleikar eru fyrir hendi.

A Vestfjörðum er einnig lítil vatnsorka og engin þétt. Hér yrði yfirleitt hátt fall. Arnar hafa sterk dragáreinkenni og nokkur miðlun er möguleg á hálandi

Vestfjardá.

Húnvatnssýsla er frekar orkufátæk. Mestur hluti af þeitum orkunni er í Blöndu og samsvarar það fyrirhugaðri Blönduvirkjun. Ár á þessu svæði eru yfirleitt með blönduð rennsliseinkenni, dragár og lindár og Blanda með jökulþátt einnig. Miðlunarmöguleikar eru góðir.

Skagafjörður er með nokkru meiri vatnsorku en Húnvatnssýsla og megnir miðlungspétt og dreifð orka. Þétt orka er þó til í Héraðsvötnum og Eystri Jökulsá. Um nýtingu þess liggja fyrir lauslegar áætlanir. Arnar eru með blönduð rennsliseinkenni og möguleikar eru góðir á miðlun jökulsánni í Skagafirði.

Eyjafjörður er með svipaða vatnsorku og Húnvatnssýslan en mikið verri að gæðum. Ekkert af orkunni er þétt og árnar eru fyrst og fremst dragár. Miðlunarskilyrði eru léleg.

Skjálfandasvæðið er með þó nokkra vatnsorku. Næstum helmingur orkunnar er þétt orka og er hún að einhverju leyti nýtt í dag í Laxá. Til eru mjög lauslegar áætlanir um aðra staði með þéttir orku en það er adallega í Skjálfandafljóti. Miðlunarmöguleikar eru sennilega ágætir miðað við miðlunarþörf sem er lítil.

Óxarfjardarsvæðið er með mikla vatnsorku og megnið af henni þetta. Jöklusá á Fjöllum er blönduð lindá og jökulá. Áætlanir liggja hér fyrir um virkjun þéttu orkunnar sem bendir til þess að hún sé ódýrasta orkan á landinu með því að veita henni yfir Jöklusá á Brú. Með því kemst líka í gagnið sem mjög ódýr orka verulegur hluti miðlungsþétrar og dreifðrar orku. Miðlunarmöguleikar eru góðir.

Norðausturland er mjög orkulítið svæði og engin þétt orka. Fall er yfirlleitt lítið. Rennslishættir eru breytilegir, frá hreinum lindám í nánast dragár. Mjög litlar áætlanir hafa verið gerðar um virkjun hér. Einhver miðlunarskilyrði eru til staðar.

Héraðsflói er eitt af orkuríkstu svæðum landsins og helmingur þess er í þéttri orku. Áætlanir eru til um nýtingu hennar og nokkrum af dreifðari orku sem fylgir með. Rennsliseinkenni eru jökulár og dragár. Miðlunarskilyrði eru góð.

Austfirðir eru með litla nýtanlega vatnsorku og enga þetta. Fall er hér hatt og rennsliseinkenni ánna eindregnar dragár. Miðlunarmöguleikar eru frekar lélegir.

Sunnan jöklar er lítil nýtileg vatnsorka þótt þar séu stórar ár. Því veldur jökkullinn sem nær niður á láglendi viðast. Aðalárnar eru jökulár og smáárnar dragár. Miðlunarmöguleikar eru litlir.

Milli jöklar, Vatnajöklus og Mýrdalsjöklus, er mikil vatnsafl og meirihluti þess þétt vatnsorka. Mjög lítið hefur verið gert í áætlanagerð hér. Árnar eru jökulár og lindár. Miðlunarmöguleikarnir eru sennilega frekar takmarkaðir.

Austanvert Suðurland er frekar orkuryrt en hluti af því, aðallega í Markárfliði, er þétt orka. Rennsliseinkenni eru jökul- og lindarennslí og miðlunarmöguleikar eru góðir.

Þjórsá er með langmesta orku allra vatnasviða landsins og mjög stór hluti hennar er þétt orka. Hér liggar fyrir mikil áætlanagerð, auk þess sem þegar eru virkjaðar 3 TWh/ári. Árnar eru með blandaða rennslishætti lindár, jökulár og dragár. Miðlunarmöguleikar eru ágætir.

Hvitá í Árnessýslu er eitt af orkuríku vatnasvæðunum þótt hvergi nærrí nái það grannanum í austri. Rúmlega helmingur þess er þétt orka og er hluti þegar virkjaður (Sogíð) og áætlanir hafa verið gerðar um aðra hluta. Rennsliseiginleikar og miðlunarmöguleikar Hvítár eru svipaðir og hjá Þjórsá.

Hér í yfirlitini hefur ekkert verið farið inn á umhverfismál. Þau geta haft mikil áhrif á hvernig og hvort vatnsorkan verður nýtt í stórum stíl. Hvað umhverfisáhrif er hægt að samþykja er svo illa skilgreint að vonlaust má telja að um það náist samstaða, sem gilda á um alla

ókomna framtíð.

A Suðurlandi og Austurlandi, þar sem mestur hluti vatnsorkunnar er, hefur verið sémilegur friður um þessi mál. A Norðurlandi hefur aftur á móti ófriður verið ríkjandi um öll þessi mál en það hefur ekki mikil áhrif á heildarnýtingu vatnsaflsins þar sem einungis lítill hluti þess er í þeim landshluta.

Heimildir:

Haukur Tómasson 1981: Vatnsafl Íslands, mat á stærð orkulindar. Orkuþing 1981.

Sigurður Thoroddsen 1962: Vatnsafl Íslands. Tímarit VFÍ 1962.

Landsvirkjun 1981: Skýrsla um starfsemina 1980.

Orkubú Vestfjarða 1980: Ársreikningur 1979.

Orkustofnun: Rennslisskýrslur Vatnamælinga.